

From: Vigfús Björnsson
Sent: 6. mars 2020 10:29
To: umsa@akureyri.is
Cc: Snorri Finnlaugsson <snorri@horgarsveit.is>
Subject: Lækjarvellir 2, Hörgársveit - afstaða landeiganda til deiliskipulagsbreytingar

Góðan dag,

við Lækjarvelli í Hörgársveit eru skipulagðar lóðir fyrir atvinnustarfsemi og mun Akureyrarbær vera eigandi lóðar nr. 2 við götuna. Þar er um að ræða um 1,5 ha stóra lóð og eftir því sem best er vitað eru engin byggingaráform uppi á lóðinni.

Hörgársveit hefur orðið vör við áhuga á minni atvinnulóðum á þessu svæði og hefur þessvegna látið vinna drög að breytingartillögu á gildandi deiliskipulagi þannig að umræddri lóð er skipt upp í þrjár minni lóðir, sjá viðhengi.

Breyting af þessu tagi verður þó ekki framkvæmd án samráðs við landeiganda og vil ég því kalla eftir afstöðu Akureyrarbæjar til málsins.

Með bestu kveðju,

Vigfús Björnsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar

Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 601 Akureyri

GSM: 696 5767 / S: 463 0600

Tölvupóstur: vigfus@sbe.is